

Leikskólinn Brekkuborg

Námskrá



Brekkuborg
Hlíðarhús 1
112-Reykjavík
brekkuborg@reykjavik.is
sími: 567 9380

júní 2016

Skólanámskrá	4
Leikskólinn Brekkuborg	4
Dvalartími.....	5
Trúnaður	5
Leiðarljós leikskólans.....	5
Einkunnarorð Brekkuborgar	5
Lýðræði.....	6
Virðing.....	6
Vinátta	6
Grunnpættir menntunar.....	6
Hugmyndafræði og uppeldissýn.....	7
Starf í anda Reggio Emilia.....	7
HEBA samstarf.....	8
Hugmyndafræði Caroline Pratt	8
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	8
Námssvið leikskóla	9
Læsi og samskipti.....	9
Heilbrigði og vellíðan.....	11
Sjálfbærni og vísindi	12
Sköpun og menning	14
Nám í leikskóla	15
Nám í daglegu lífi	15
Að taka á móti börnum og foreldrum	16
Daglegar venjur	16
Að klæða sig í og úr:.....	16
Hreinlæti:.....	16
Máltíðir:	16
Hvöld	16
Umgengni:	17
Samverustundir:	17
Útikennsla:	17
Nám í samskiptum / samskipti.....	17
Nám í skapandi starfi	17
Námsumhverfi.....	18

Hefðir, hátíðir og þemu.....	18
Umferðafræðsla:.....	18
Dagur íslenskrar tungu:.....	18
Bangsadagur:	18
Foreldrakaffi:	18
Afmæli Brekkuborgar.....	18
Leiksýningar:.....	18
Jólaundirbúningur:.....	19
Jólaball:	19
Þema og skipulag	19
Haustið.....	19
Líkaminn:.....	19
Fjölskyldan.....	19
Vorið:.....	19
Litavikur:	19
Þjóðsögur og ævintýr:.....	19
Þorrinn:	19
Bollu-sprengi- og öskudagur	20
Vorferð:.....	20
Íþróttadagur:	20
Hópaslit:	20
Útskrift:	20
Útskriftaferð:.....	20
Þjóðhátíð:	20
Flóruferð:.....	20
Tengsl skólastiga.....	20
Mat á leikskólastarfi	22
Markmið endurmats	22
Innra mat í leikskóla.....	22
Ytra mat í leikskóla.....	23
Starfsáætlun	23
Deildarnámskrár	23
Foreldrasamstarf	23
Samstarfsaðilar	24

Skólanámskrá

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu, skal sérhver leikskóli móta sína eigin skólanámskrá. Námskráin á að vera skrifleg og aðgengileg öllum þeim sem málið varðar.

Í nýrri aðalnámskrá er birt ný menntastefna sem á við um öll skólastig og hefur það markmið að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni.

Menntastefnan er byggð á sex grunnþáttum menntunar og eru þeir: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Allir þessir grunnþættir fléttast inn í allt skólastarf og eiga að endurspeгла starfshætti skólans og tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi.

Þótt grunnþættirnir séu samtvinnnaðir hefur hver og einn þeirra sín sérkenni sem nota má til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla og skólastigs. Þeir eru skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Það má fella flest atriði skólastarfs undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir alla.

Skólanámskrá á að vera lifandi og í stöðugri endurskoðun. Hún skal taka mið af áhuga barna og sjónarmiðum og skal unnin í samvinnu við alla starfsmenn leikskólans, börn og foreldra.

Námskráin er eins konar sáttmáli um uppeldi og nám í leikskólanum og til að gera leikskólastarfið sýnilegra. Í leikskólanum er allt starf unnið í gegnum leik.

Allir starfsmenn Brekkuborgar komu að endurmati og vinnu á nýrri skólanámskrá. Leitað var eftir viðhorfum barna og foreldra varðandi ýmsa þætti í starfinu með spurningum og rafrænum könnunum.



Leikskólinn Brekkuborg

Leikskólinn Brekkuborg stendur við Hlíðarhús 1 í Grafarvogi og tók formlega til starfa 1. apríl 1992. Rekstraraðili er Reykjavíkurborg. Leikskólinn byrjaði sem 3ja deilda leikskóli en byggt var við hann árið 1995 og bættist þá aðstaðan til muna. Í skólanum eru nú fjórar aldursskiptar deildir: Brekkulaut, Brekkulind, Brekkulundur og Brekkulyng. Í leikskólanum dvelja að jafnaði 80 börn samtímis á aldrinum eins til sex ára. Kennarafjöldi og stöðugildi ákvarðast af barngildum og fjölda sérkennslustunda hverju sinni samkvæmt reglum Skóla og frístundarsviðs.

Leikskólastjóri er Svala Ingvarsdóttir.

Aðstoðarleikskólastjóri er Elín Rós Hansdóttir.

Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá kl: 07:30 - 17:00 alla virka daga. Dvalartími barna getur verið frá 4 klst. að 9,5 klst. Þegar leikskólaganga hefst undirrita foreldrar dvalarsamning um vistunartíma í leikskólanum og eru þar með að staðfesta að þau hafi kynnt sér gjaldskrá og reglur Skóla og frístundasviðs um leikskólaþjónustu, ásamt því að skuldbinda sig til þess að hlíta þeim skilmálum sem þar koma fram. Foreldrar sækja um breytingu á dvalartíma á Rafrænni Reykjavík og reynt er að verða við óskum foreldra eins og kostur er. Lögð er áhersla á að dvalartími barna sé virtur. Gagnkvæmur uppsagnafrestur á dvalarsamningi er einn mánuður hið minnsta og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Sama á við um breytingar á dvalartíma. Uppsögn foreldra skal í öllum tilvikum vera skrifleg og skilast til leikskólastjóra.

Trúnaður

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um alla þá vitneskju sem það fær í starfi um málefni barna og foreldra. Þagnarskylda helst þó að starfsmenn láti af störfum.

Foreldrar eru beðnir að sýna öðrum foreldrum og börnum þann trúnað að ræða ekki málefni þeirra fyrir utan leikskólann. Gagnkvæmur trúnaður er mikilvægur öllum foreldrum og börnum sem eykur traust innan leikskólans.

Myndir sem foreldrar taka á viðburðum skólans, á ekki að birta á samfélagsmiðlum, heldur vera til einkanota.

Leikskólinn hefur upplýsingaskyldu til Barnaverndar Reykjavíkur ef þess er óskað. Einnig ber leikskólanum að senda upplýsingar um börnin á milli leikskóla og skólastiga. Foreldrar fá að sjá þær upplýsingar sem við sendum.

Leiðarljós leikskólans



Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar barnsins. Leikskólaaldurinn er mjög mikilvægur tími til náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Mikilvægt er að öll börn fái sem best notið sín miðað við þroska og þarfir hvers og eins. Leggja skal áherslu á

styrkleika barna og hæfni og einnig sé litið á þau sem fullgilda þátttakendur í skólastarfinu og samfélaginu. Í leikskólastarfinu eru það hugtökin uppeldi, ummönnun og menntun sem mynda eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja

Einkunnarorð Brekkuborgar

Einkunnarorð okkar og leiðarljós í námi og leik eru: **Lýðræði-virðing-vinátta**. En þessir þættir fléttast saman í starfi okkar.

Lýðræði

Við búum í lýðræðisþjóðfélagi. Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir samfélaginu, umhverfinu og öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitsemi, umburðalyndi og vináttu. Frumkvæði barnanna er styrkt. Börnin eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir. Þau fá einnig tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt.

Virðing

Að börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfinu, sýni tillitssemi, kurteisi, finni til samkenndar og séu tilbúin að hjálpa öðrum og þiggja hjálp. Réttur allra er virtur óháð kynferði, trú, bakgrunni, aðstæðum og getu.

Vinátta

Börnin læra smám saman samskiptareglur um hvernig á að haga sér í barnahópnum. Þegar börnin eldast eflast þau í félagsþroska, verða færari í samskiptum og mynda sterkari vináttutengsl. Börnin er virðing fyrir vináttu barnanna og þeim gefið tækifæri til að vera sem oftast saman í leik og verkefnum. Börnin eru hvött til að eiga í samskiptum við sem flesta innanhúss og það gerum við til dæmis með flæði á milli allra deilda og í útinámi.



Grunnpættir menntunar

Grunnpættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Börn og ungmenni læri að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnpættirnir snúast einnig um framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif á og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa.

Grunnpáttum menntunar er ætlað að endurspeglast í öllu námi sem fram fer í leikskólanum.

Grunnpættirnir eru:



Læsi: málörvun, samskipti, talað og ritað mál, læsi á umhverfi og samræður.

Sjálfbærni: virðing fyrir umhverfinu, heilbrigði, umgengni, skilja samhengi hluta og bera ábyrgð á eigin lífi.

Lýðræði og mannréttindi: hafa áhrif á val, gagnrýni, taka afstöðu, tryggja jafnan rétt, rökræður, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni, samkennd og umburðalyndi.

Jafnrétti: jafna aðstöðumun og allir fá að njóta sín óháð

kyni, trú og uppruna.

Heilbrigði og velferð: næring, andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, hreinlæti, útivera, umhyggja, hreyfing, vellíðan og jákvæð sjálfsmynd.

Sköpun: leikurinn, tónlist, listsköpun, dans, fjölbreyttur efniviður, söngur og uppgötva eitthvað nýtt.

Hugmyndafræði og uppeldissýn

Leikskólanám byggir á uppeldisaðferðum og hugmyndafræði sem sóttar eru í kenningar og rannsóknir ýmissa fræðimanna s.s. Malaguzzi, Piaget, Dewey og Vygotsky. Unnið er eftir hugmyndafræði Reggio Emilia í Brekkuborg.

Starf í anda Reggio Emilia



Í Brekkuborg er starfað eftir og stuðst við hugmyndafræði sem kennd er við borgina Reggio Emilia á Norður Ítalíu. Loris Malaguzzi var sálfræðingur og kennari að mennt og lagði hann grunninn að hugmyndafræði Reggio Emilia, sem byggir meðal annars á kenningum Dewey, Piaget og Vygotsky. Malaguzzi lagði áherslu á lýðræði og rétt einstaklingsins á því að vera einstakur, að bera virðingu fyrir getu barna og að þau afli sér reynslu og þekkingar á eigin forsendum. Hann sagði að börn hefðu hundrað mál en tekin væru frá þeim níutíu og níu. Með því að nota málin sín hundrað getur barnið reynt, skynjað og upplifað sama hlutinn á hundrað vegu. Malaguzzi taldi að nám ætti að vera ánægjuleg reynsla þar sem börn tækju virkan

þátt. Hugmyndafræðin er aðlöguð íslenskum aðstæðum, menningu og sérstöðu okkar. Leikskólinn á að vera lifandi staður sem er í stöðugri þróun, þar sem börn og kennarar geta verið í góðu sambandi við hvert annað. Við trúum því að áhugahvöt barnsins stjórni námi þess og að það læri af reynslu sinni. Við sköpum börnunum náms- og leikaðstæður sem örva alla þætti í þroska þeirra, ýta undir sjálfræði og sjálfstæði sem fær þau til að upplifa og rannsaka sjálf út frá eigin áhuga. Leikur skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, nota gagnrýna hugsun, reynslu og tilfinningar.

Skráning kennara er hluti af starfinu og þar eru skrifaðar niður frásagnir, ljóð, sögur og samtöl barnanna. Ljósmyndir, myndbandsupptökur og svo framvegis heyra einnig til skráningar. Með því að skrá getum við komist nær börnunum til að skilja hvað þau eru að hugsa og uppgötva.



HEBA samstarf

Árið 2008 hófu fjórir leikskólar, Hulduheimar, Engjaborg, Brekkuborg og Austurborg, samstarf. Við köllum okkur HEBA en nafnið er myndað úr upphafsstaf allra skólanna. Samstarf þessara skóla felst í því að nálgast og þróa starf í anda Reggio Emilia. Ákveðið var árið 2012 að vinna að sameiginlegu þema næstu fjögur ár. Þemað var byggt á frumefnunum fjórum: eldi, jörð, vatni og lofti. Þetta sameiginlega verkefni HEBA skólanna hefur verið kynnt á hverju vori á stóra leikskóladeginum í Ráðhúsi Reykjavíkur. Einnig hafa skólarnir staðið að sameiginlegum verkefnum og fræðslu. Haustið 2013 réðu skólarnir til sín verkefnastjóra í hálf t starf.

Hugmyndafræði Caroline Pratt

Einnig fylgjum við hugmyndafræði Caroline Pratt. Hún var sannfærð um að kveikjuna í námi barna væri að finna í leik þeirra. Hún vildi að barnið lærði í gegnum áhugasvið sitt og leikurinn ætti að vera sjálfsprottinn. Pratt hannaði einingakubba úr við og var markmið hennar með hönnun kubbanna að efla þroska barnsins á andlegum, líkamlegum, félagslegum og tilfinningalegum þáttum. Hlutverk einingakubbanna var að stuðla að því að börn notfæri innri áhugavöt sína til að læra, vinna og efla þau í allri sköpun. Einingakubbarnir eru gott kennslutæki til stærðfræðináms.



Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.

Í Brekkuborg leggjum við áherslu á lífsgildi og starfshætti sem styðja við lýðræðislega samvinnu. Starfið á að byggja á jafnrétti, umhyggju og að virða ólík sjónarmið. Börnin eiga að upplifa að þau séu hluti af hópnum og fá tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós. Á Brekkuborg er lögð áhersla á samkennd. Við gefum börnunum tækifæri á að leysa ágreiningsmál á jákvæðan og friðsaman hátt. Leitast er við að hafa börn með í ákvarðanatöku eins og kostur er og í leikskólastarfinu gefast mörg tækifæri til þess.

Það er hlutverk hins fullorðna að hlusta og taka þátt án þess að taka frumkvæðið af börnum, skapa aðstæður þar sem allir hafa jafnan rétt til þátttöku og gefi börnunum tækifæri á að draga eigin ályktanir og prófa þær í leik og starfi. Með áhuga og virkri hlustun leikskólakennarans upplifa börnin að það er hlustað á þau og sjálfsmynd þeirra verður jákvæð.

Það eiga öll börn jafnan rétt til náms óháð kyni, aldri, líkamlegum og andlegum þroska, þjóðerni og trúarbrögðum.

Öll börn með sérþarfir og /eða frávík í þroska fá sérkennslu. Á Brekkuborg er starfandi sérkennslustjóri, sem ber ábyrgð á sérkennslu, skipulagi hennar og samskiptum við foreldra og leikskólakennara. Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna eftir þörfum hvers einstaklings en mikil áhersla er lögð á að börn sem njóta hennar, læri í leik og samskiptum með öðrum börnum og taki þátt í leikskólastarfinu eins og kostur er. Samráð við foreldra er mikilvægur þáttur og leitað er til þeirra eftir upplýsingum og til samráðs.

Námssvið leikskóla

Námssvið leikskólans samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Námssviðin eru samþætt og samofin öllu í starfi leikskólans. Þau byggjast á skapandi og gangrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólanum. Við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla.

HEBA leikskólarnir völdu sér leiðarljós fyrir hvert námssvið og unnu sameiginlega að áherslupáttum þeirra.

Læsi og samskipti



Börn eru félagsverur og nota hinar ýmsu aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við aðra. Börnin nýta margvíslegan efnivið til tjáningar, þau hafa þörf fyrir að skiptast á skoðunum, ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Tjáningarform og læsi barna birtist á ýmsan hátt, í leik, með látbragði og leikrænni tjáningu, snertingu, hljóðum, tónlist, myndsköpun og hreyfingu. Læsi er mikilvægur þáttur samskipta og felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, túlka, skilja, miðla og gagnrýna. Kennarar spyrja börnin opinna spurninga, setja orð á hluti og athafnir og það hjálpar börnum að lesa í umhverfið og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Þau öðlast skilning á rituðu máli og táknmyndum, velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu og læra að bera virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Áhersla er lögð á jákvæð og uppbyggileg samskipti, börnin læra að setja sig í spor annarra. Í leikskólanum er sjónrænt skipulag á öllum deildum til að auðvelda börnunum að lesa í umhverfið. Börnin semja sögur og ljóð, deila hugmyndum sínum og skoðunum og eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum sín á milli.

Leiðarljós:

- *„Í leikskóla á að nýta þau tækifæri sem gefast í daglegum samskiptum til að efla íslenska málvitund þar sem börn læra ný orð og hugtök og þróa tungumálið.“*
(Aðalnámskrá bls.24)
- *„Starfshættir leikskóla eiga að stuðla að því að börn læri að bera virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þróa með sér samkennd, tillitsemi og vináttu.“*
(Aðalnámskrá bls.23)

Áherslupættir:

Læsi og samskipti birtast í starfi Brekkuborgar í eftirtöldum áherslum:

Hvetjandi umhverfi sem stuðlar að læsi í víðum skilningi svo og jákvæðum samskiptum	Lestur, söngur, þulur, vísur, rím, daglegar athafnir, samverustundir, opnar spurningar, umræður, hlustun, barn vikunnar, ferilmappa, skráningar, útikennsla, veðurfræðingur, tónlist, loðtöflusögur, leikhús . . .
Málvitund/málörvun	
Leikur og nám	Nám í gegn um leik, lestur bóka, tölvur, könnunaraðferð, könnunarleikur, ritmál, bókstafir og tölustafir, tákn með tali, myndrænt dagskipulag, merkingar í umhverfinu . . .
Lífsleikni /tilfinningatjáning	Þjálfar samskipti, reglur, félagsfærnisögur, barn vikunnar, brunaverðir, tjáning, fjölmennning, foreldrasamstarf, sjálfræði.
Umhverfi/vettvangsferðir	Umferðarfræðsla, náttúran, samskipti við nærsamfélag, útikennsla, virðing fyrir náttúrunni, umhverfismennt, græn skref, endurnýtanlegur og náttúrulegur efniviður.
Samskipti	Virðing, tilfinningar, tjáning, hlusta á barnið, sjálfræði, lýðræði, val.
Samvinna heimilis og skóla	Gefa foreldrum tíma, gæði í daglegum samskiptum, fundir/viðtöl með foreldrum. Þátttaka foreldra í leikskólastarfi.



Unnið er með læsi og samskipti í öllu daglegu starfi í Brekkuborg og eftir okkar áherslum á læsisáætlun Skóla og frístundarsviðs - Lesið í leik. Lögð er áhersla á sjónrænt dagskipulag, sem styður við málskilning barna og auðveldar þeim að lesa í umhverfið. Tákn með tali er notað í söng og daglegum athöfnum.

Lesið er fyrir börnin á hverjum degi þar sem innihald orða og texta er rætt. Eftir aldri og þroska barna er innihald sögunnar

krufið. Börnin þjálfast í að útskýra skoðanir sínar og hvað þeim finnst hverju sinni.

Við leikum okkur með bókstafi og tölur.

Þegar farið er í vettvangsferðir er lögð áhersla á að spjalla um það sem fyrir augu ber, byggingar, kennileiti, fjöll og landslag, veðráttu, gróður, heimili barnanna og margt annað. Börnin æfa sig í að lesa í umhverfið með því að skoða allskonar vísbendingar og skilti.



Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hreyfingu, hvíld, hreinlæti og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg, hún stuðlar að vellíðan og hefur í för með sér gleði og ánægju. Börn læra í gegnum hreyfingu að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður. Við leggjum áherslu á að kennarar aðstoði börnin í að mynda traust tengsl sín á milli. Einnig er horft til þess að auka hreyfingu og bæta mataræði, meðal annars með því að auka vatnsdrykkju og neyslu ávaxta og grænmetis. Lögð er áhersla á fjölbreytta hreyfingu bæði úti og inni. Börnin eru hvött til að smakka allan mat. Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Hvíld er mikilvæg fyrir börnin, því ef börnin eru úthvíld eflir það athygli og úthald á löngum starfsdegi. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólans og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin. Til að börnum líði vel og finni sig örugg í leikskólanum er lögð áhersla á góð samskipti og samvinnu við foreldra.

Leiðarljós:

- „Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til að fást við viðfangsefni sem taka mið af áhuga þeirra, styrkleikum og þroska þannig að trú þeirra á eigin getu aukist og hneigð þeirra til náms eflist.“ (Aðalnámskrá bls.24)

Áherslupættir:

Heilbrigði og vellíðan birtast í starfi Brekkuborgar í eftirtöldum áherslum.

Hreyfing og jóga	Vettvangsferðir, dagleg útivera, jóga, fjölbreytt hreyfing inni og úti, dans, skipulagðar hreyfistundir . . .
Hreinlæti / umhirða	Hreinlætisþjálfun, svo sem handþvottur og salernisþjálfun.
Mataræði	Taka mið af tillögum Lýðheilsustöðvar, fjölbreytt og hollt mataræði, matjurtagarður, ávextir og grænmeti, smakka allan mat, Börnin hafi áhrif á matseðilinn,
Hvöld/slökun	Hvöld fyrir allan aldur í einhverri mynd, yngri börnin sofi, hvíldarstundir í hádegi og jóga fyrir eldri börnin.
Útivist	Dagleg útivist, lengri og styttri vettvangsferðir og útinám í fjölbreyttu umhverfi.
Tannvernd	Fræðsla um hollustu, næringu og tannhirðu, tannverndarvika.

Sjálfbærni og vísindi

Til að gera börnum kleift að takast á við viðfangsefni er snúa að samspili umhverfis og félagslegra þátta er menntun til sjálfbærni leiðin til þess. Í þeirri menntun felst skilningur á samfélaginu, náttúrunni og vistfræðilegum takmörkum jarðarinnar. Hlutverk kennara er að ýta undir forvitni, vísindalega hugsun og vangaveltur barnanna.



Þeir aðstoða börnin við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Til að virkja vísindalega hugsun barnanna spyrjum við þau opinna spurninga og hvetjum börnin til tilrauna. Það er börnum eðlislægt að kanna umhverfi sitt og þau læra mest á að snerta, horfa, hlusta, flokka, draga ályktanir, rannsaka og upplifa. Fjölbreytileiki umhverfisins byrjar í garðinum kringum leikskólans þar sem börnin þjálfja jafnvægi og líkamsstyrk. Þau upplifa allar árstíðirnar og þær breytingar sem eiga sér stað í náttúrunni. Börn og kennarar rækta grænmeti í matjurtagarði skólans. Farið er í vettvangsferðir og Leynilundur nýttur.

Leiðarljós:

- „Í leikskóla á að leggja áherslu á sjálfstæði og frumkvæði og hvetja á hvert barn til að taka ábyrgð á sjálfu sér.“ (Aðalnámskrá bls.24)

Áherslupættir:

Sjálfbærni og vísindi birtast í starfi Brekkuborgar í eftirfarandi þáttum:

Virðing fyrir umhverfi og náttúru	Að börn þrói með sér umhverfisvitund
Rannsaka, uppgötva og njóta	Ýta undir forvitni barnanna, ígrundun og vangaveltur til að spyrja spurninga og leita lausna.
Opinn, náttúrulegur og endurnýtanlegur efniviður	Vettvangsferðir, börn taki þátt í að fegra umhverfið og rækta, efnisveita og listsköpunarvagnar
Nýtni og virðing fyrir efni og umhverfi	Börnin taki þátt í að koma með efnivið að heiman eða úr vettvangsferðum, flokkun á endurnýtanlegum efnivið.
Víðsýni og umhverfislæsi	Rými, fjarlægðir, áttir, veðurfar
Samspil náttúru og samfélags	Börnin rækta grænmeti , tré og blóm, sveitaferð, vettvangsferðir og útinám.
Vísindi og tilraunir	Ýmsar tilraunir t.d. vatn, loft, ræktun . . .
Umhverfi, aðstæður og námsgögn	Kennarinn skapar umhverfi, aðstæður og námsgögn sem vekur forvitni barna sem aftur leiðir til náms út frá eigin áhuga
Umhverfisdagar/umhverfismennt	Tiltekt í nánasta umhverfi, gróðursetja blóm og grænmeti. Bera virðingu fyrir öllu lífi í náttúrunni. Ekki slíta upp blóm að óþörfu né deyða skordýr.
Endurvinnsla	Flokka pappír, plast, ál, gler, matarafganga. Endurnýta efnivið og verðlaust efni og nýtni.

Sköpun og menning



Menning barna er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik þeirra, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Það er hlutverk kennara að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar þar sem barninu er gert kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með alla möguleika. Það er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og byggir á skynjun þeirra og reynslu. Í hugmyndafræði Reggio Emilia er talið að í gegnum skapandi starf sé best að afla sér þekkingar. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra.

Í Brekkuborg eru margar venjur og hefðir sem hafa skapast og eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans.

Leiðarljós:

- „Í leikskóla á að hvetja börn til að túlka og tjá sig á fjölbreyttan hátt, m.a. í gegnum leik, hreyfingu, myndmál, tónlist, tungumál, tölur og tákn.“ (Aðalnámskrá bls.24)
- „Starfshættir leikskólans eiga að taka mið af umhverfi leikskólans og af því samfélagi sem hann er í. Jafnframt á leikskólinn að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og hafa áhrif á það.“ (Aðalnámskrá bls.23)

Áherslupættir:

Sköpun og menning birtast í starfi Brekkuborgar í eftirtöldum áherslum:

Megnugt og skapandi barn	Að borin sé virðing fyrir barninu sem skapandi einstaklingi.
Hugmyndir barnanna fá að njóta sín	Börnin fá tækifæri til að skynja og uppgötva eftir sinni eigin getu.
Frelsi til sköpunar	Börn vinni verkefni út frá eigin forsendum. Sköpun í gegnum sjálfsnám, Fjölbreyttur efniviður, áhöld og tæki.
Myndsköpun	Fjölbreyttur og sýnilegur efniviður, efnisveita, frjáls aðgangur að efnivið til sköpunar.
Tónlist	Söngstundir, tónlistarstundir, hljóðfæri, hlustun og dans

Leikræn tjáning	Leikur, dans, hreyfing, tákn með tali, semja og leika leikrit.
Hefðir og siðir	Afmæli barna og leikskólans, foreldra og fjölskyldukaffi, umhverfisdagur, samstarf við hjúkrunarheimilið Eir, samstarf við Húsaskóla, uppskeruhátíð, bangsadagur, Dagur íslenkrar tungu, jólaball, þrettándagleði, þorrablót, dagur leikskólans, bollu-, sprengi-, og öskudagur, íþróttadagur, útskriftaferð, sveitaferð, opið hús, útskrift elstu barna, þjóðhátíð, Flóruferð.
Menninga – og vettvangsferðir	Leiksýningar í leikskólanum, Menningartengdar vettvangsferðir, sinfóniútónleikar fyrir elstu börnin.
Fjölmennning	Hefðir, þjóðlegar hátíðir og dagar, Virðing fyrir ólíkum menningarheimum.

Nám í leikskóla

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn, börnum eðlislægur, veitir gleði og vellíðan og er meginnámsleið barna. Hlutverk leikskólans er að styðja við nám og þroska barna í gegn um leik á sem fjölbreyttastan hátt, ætla leiknum tíma og rými í samfelli við aðra þætti leikskólastarfsins. Barnið fær að njóta sín sem einstaklingur í barnahópnum, öðlast sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd. Börn eru gædd innri áhugahvöt og helsti þátturinn í henni er forvitni þeirra, það að uppgötva og rannsaka hlutina á eigin forsendum. Leikurinn er undirbúningur fyrir lífið sjálft – leikurinn er lífið.



Í leikskólanum er unnið með óhefðbundinn opinn efnivið, komið til móts við áhuga barnsins, það hvatt til að gera tilraunir og finna lausnir og barnið geti valið sér verkefni hvort sem er úti eða inni.

Nám í daglegu lífi

Nám í leikskóla er samþætt þar sem barnið lærir við mismunandi aðstæður. Í gegnum allar athafnir daglegs lífs sjá kennarar um að vinna að uppeldis- og námsmarkmiðum leikskólans. Stór hluti af leikskólastarfinu er umönnun, að efla sjálfstæði barna og daglegar venjur. Því er mikilvægt að dagskipulagið sé í föstum skorðum og sköpuð sé festa og hefð í leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og

andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Til að virkja og efla sjálfstæði barnanna eru þau hvött til að hjálpa sér sem mest sjálf í allri verkefnavinnu, matartímum og við að klæða sig í og úr. Börnin eru hvött til að segja sínar skoðanir og taka sjálfstæðar ákvarðanir.

Að taka á móti börnum og foreldrum

Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og starfsfólk að leggja grunn að góðu samstarfi, þar sem fyrst og fremst umhyggja og velferð barnanna er höfð að leiðarljósi. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og sýnum við fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Markmiðið er að allir finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Börnum/foreldrum er heilsað við komu og kvödd að degi loknum.

Daglegar venjur

Að klæða sig í og úr:

Lögð er áhersla á að efla sjálfshjálp og sjálfstæði barnanna sem best í fataklefanum. Börnin þjálfa fín- og grófhreyfingar, málproska, sjálfshjálp og samvinnu. Áhersla er lögð á að hver og einn fái að athafna sig og því er reynt að fara í fataklefan í litlum hópum í einu ef kostur er, spjallað er við börnin og orð sett á athafnir.

Hreinlæti:

Í Brekkuborg leggjum við grunn að góðum hreinlætisvenjum og snyrtimennsku. Áhersla er lögð á handþvott eftir salernisferðir og fyrir máltíðir.

Máltíðir:

Samvinna er á milli deilda í morgunverði en þá er morgunmatur í sal skólans og sameinast börnin þar frá öllum deildum í litlum hópum í einu og eiga notalega stund saman. Í hádeginu og síðdegishressingu eru allir inni á sinni deild. Í matartímum er lögð áhersla á rólega stund og hvetjum við börnin til að hjálpa sér sjálf s.s skammta sér á diska, skera matinn, hella í glös og taka þátt í frágangi eftir matmálstíma. Þessar stundir skapa aðstæður fyrir samræður og samskipti, auk þess tileinka börnin sér almenna borðsiði. Borðþjónar hjálpa til við að leggja á borð og sækja matinn.

Hvíld:

Við leggjum áherslu á að öll börn eigi rólega stund í hádeginu. Aðstæður eru skapaðar sem henta hverju sinni, því hvíld og slökun er öllum nauðsynleg yfir daginn. Svefntími barna er í samráði við foreldra.

Umhengni:

Góð umhengni og frágangur er stór þáttur í daglegu lífi, því þurfum við að bera virðingu fyrir umhverfinu og eigum okkar og annarra. Rík áhersla er lögð á að börnin taki þátt í frágangi og gangi vel um leikföng, húsbúnað og allan efnivið.

Samverustundir:

Eru 2-3 sinnum á dag á hverri deild, þar eru lesnar eða sagðar sögur, sungið, farið í leiki, spjallað saman og rætt um heiti daga, mánaða og árstíða, veðurfræðingur kíkir til veðurs og fræðir okkur um hvernig veður er og hvernig gott væri að vera klædd í útiveru.

Útikennsla:

Við í Brekkuborg eigum grenndarsvæði í hverfinu sem við köllum Leynilund. Farið er reglulega í vettvangsferðir þangað. Lögð er áhersla á að börnin fái tækifæri til að kynnst nærumhverfi sínu og náttúru, fái að upplifa og njóta.



Nám í samskiptum / samskipti

Börn hafa ríka þörf fyrir samskipti og eru félagsverur. Þau hafa þörf fyrir að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Börn nota ýmsar leiðir til að til að eiga samskipti við aðra, t.d. tungumál, leik, snertingu, hljóð, látbragð, hreyfingu og myndmál. Mikilvægt er að hinir fullorðnu séu góðar fyrirmyndir hvað varðar samskipti. Einkunnarorð Brekkuborgar, Lýðræði - virðing - vinátta, eru ávallt höfð að leiðarljósi í samskiptum okkar við börnin.

Nám í skapandi starfi



Í hugmyndafræði Reggio Emilia er talið að í gegnum skapandi starf sé best að afla sér þekkingar. Í Brekkuborg er leitast við að skapa umhverfi sem örvar skynjun og sköpunarkraft barnanna. Skapandi starf snýst fyrst og fremst að ferlinu sjálfu, tjáningunni, gleðinni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, ímyndun og tilfinningar fá að njóta sín. Börnunum er gert kleift að nota fjölbreytta tækni í starfi, nálgast viðfangsefnin frá mörgum mismunandi hliðum og á eigin forsendum. Börnin eru hvött til sjálfstæðra vinnubragða og til þess að taka þátt í skapandi ferli með margvíslegum hætti eins og myndlist, dansi, söng, tónlist og leikrænni tjáningu.

Hlutverk kennarans er að vera vakandi fyrir hugmyndum barnanna og leiða þau áfram í hugmyndavinnu sinni.

Námsumhverfi

Litið er á umhverfið sem þriðja kennarann og er umhverfið þannig útbúið að leikurinn endurspegli námssvið leikskólans.

Námsumhverfi Brekkuborgar býður upp á margvísleg tækifæri til náms bæði innandyrna sem utan. Börn upplifa, kanna og skilja umhverfi sitt á mismunandi hátt. Þau rannsaka, flokka, hlusta, handfjatla, bragða, bera saman og draga ályktanir. Börnin fá að þroska og þjálfra hæfileika sína og leika á sínum eigin forsendum. Leiknum er gefið rými í dagskipulaginu og börnum gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

Börnin eiga að vera virkir þátttakendur í því að móta eigin veröld, þar sem rödd þeirra hljómar og á hana er hlustað.

Til að nálgast þessa hugmyndafræði er flæði og stöðvavinna meðal annars notuð, þar sem kennarar eru virkir þátttakendur í vinnu með börnunum og þar með samverkamenn í þekkingarleit barnanna. Kennarar koma til móts við námsþarfir barna eftir bestu getu og aðstoða þau við að finna verkefni sem hæfir áhuga og þroska hvers og eins. Flæði og stöðvavinna stuðlar að sjálfstæði og gefur kost á fjölbreyttum viðfangsefnum og verkefnum sem grundvallast á hugmyndum, áhugahvöt og virkni. Börnin fá að vinna á sínum forsendum, kennarar skapa umhverfi þar sem hægt er að hafa í boði mismunandi opinn efnivið til að vinna með, rannsaka og finna úrlausnir. Þetta eflir samskiptahæfni og byggir grunn að góðu samstarfi og vináttu.

Það að vera metin að verðleikum gefur börnunum tilgang og stuðlar að sjálfsprottnum áhuga þeirra.

Hefðir, hátíðir og þemu.

Í Brekkuborg eru ýmsar hátíðir og hefðir í hávegum hafðar þá brjótum við upp skipulagið og gerum okkur glaðan dag með skemmtilegum uppákomum. Tilbreytingar í daglegu lífi eru fyrst og fremst hugsaðar til skemmtunar og gleði fyrir börn, starfsfólk og foreldra en einnig til að viðhalda siðum og venjum. Þemu ramma inn fræðslustarf skólans.

Umferðafræðsla: Þrisvar á ári er vika tileinkuð umferðarfræðslu. Börnin fara í vettvangsferðir þar sem þau m.a. þjálfra umferðarreglurnar.

Dagur íslenskrar tungu: Á hverju ári þann 16. nóvember höldum við daginn hátíðlegan í Brekkuborg þar sem börn úr Húsaskóla koma til okkar og lesa fyrir börn á öllum deildum. Við ræðum um tungumálið sem við tölum og að það tala ekki allir sama tungumál. Einnig lærum við og syngjum gamlar íslenskar þulur og ljóð.

Bangsadagur: 27. október er alþjólegi bangsadagurinn. Þá koma börnin með bangsa að heiman, lesnar eru bangsasögur og slegið upp bangsaballi.

Foreldrakaffi: Að jafnaði er foreldrum og fjölskyldum barnanna boðið í kaffi fjórum sinnum á ári.

Afmæli Brekkuborgar 1. apríl: Við gerum okkur dagamun í tilefni af afmælinu.

Leiksýningar: Reynt er að hafa tvær leiksýningar ár hvert í boði leikskólans og foreldrafélagsins Eikar.



Jólaundirbúningur: Í desember leggjum við áherslu á rólegheit í verkefnum sem tengjast jólunum. Við föndrum, syngjum jólalög, börnin búa til jólagjafir sem þau gefa foreldrum sínum, bakaðir eru gerkarlar til skrauts, piparkökur skreyttar og skorin út laufabrauð.

Hér inn í fléttast fullveldisdagurinn 1. desember með þjóðlegri fræðslu um lýðveldið og fánann. Þann dag er fáninn hylltur, sungnar þjóðlegar vísur og við borðum þjóðlegan mat. Elstu börnin æfa helgileik sem þau sýna á aðventukaffi leikskólans, fyrir börn í 1. bekk Húsaskóla og fyrir vistmenn Eirar. Yngri börnin æfa skemmtiatriði sem þau sýna á aðventukaffi leikskólans. **Jólaball:** er haldið í sal skólans og mæta börn og kennarar í betri fötum. Jólasveinar koma í heimsókn og skemmta börnunum, dansa, syngja og jólasveinarnir koma færandi hendi með gjöf til barnanna í boði foreldrafélagsins. Í hádeginu er hátíðarmatur með eftirrétt. Í síðdegishressingu barnanna er sætabrauð og heitt súkkulaði.

Þema og skipulag er samræmt yfir allan leikskólann, en lífsleikni, umferðarfræðslu, hefðum og hátíðum fléttað inn. Unnið er með þemað sem rauðan þráð í gegnum alla starfsemina, það er í sögustundum, vettvangsferðum sem og í flæði og í hópastarfi.

Haustið: Í september er unnið með haustið. Þá vinnum við haustverkin í garðinum og skoðum breytingar á lífríkinu og í gróðrinu. Uppspera sumarsins er tekin upp og hún snædd á uppskeruhátíð. Hver deild á sér ákveðið tré í garði skólans sem er fylgst með allan ársins hring. Leynilundur er heimsóttur og fylgst með hvernig náttúran breytist eftir árstíðum. Við setjum niður haustlauka bæði í garðinn og í Leynilundi.



Líkamin: Þá fræðumst við um líkaman og starfsemi hans, gerum sjálfsmyndir, aukum orðaforða, förum í hreyfileiki og eflum sjálfsþekkingu.

Fjölskyldan: Við fræðumst um allskonar fjölskyldur, hvað er fjölskylda, hverjir tilheyra henni. Gerð eru verkefni í samvinnu við foreldra. Elsta deildin fer í vinnustaða heimsóknir til foreldra.

Vorið: Þá leggjum við áherslu á vorið. Skoðum breytingar á gróðri, í náttúrunni og dýraríkinu. Vinnum vorverkin í matjurtagarðinum og á leikskólalóðinni. Börnin setja niður kartöflur og annað grænmeti í matjurtagarðinn. Þau hlúa að garðinum yfir sumartímann og nýta síðan uppskeruna að hausti.

Litavikur: Unnið er með hvern lit viku í senn. Börnin skapa og syngja í tengslum við litina. Í lok vikunnar eru allir hvattir til að mæta í viðkomandi lit.



Þjóðsögur og ævintýr: Á nýju ári er byrjað á þema þar sem fjallað er um álfa og tröll. Börnin fara út í garð á prettándanum, þar sem kveikt er á stjörnuljósum og sungið er og dansað fyrir álfana sem búa í álfasteininum hjá leikfangaskúrnum.

Þorrinn: Við höldum áfram að vera þjóðleg og höldum inn í þorrann og þjóðlegu hefðirnar. Bóndadagur er haldinn

hátíðlegur með þorrablóti að íslenskum sið. Við ræðum um gamla tímann, hvernig fólk bjó hér áður fyrr, hvað það gerði og borðaði, hvernig það klæddist og við hvað það vann. Á bóndadaginn eru börn og kennarar hvött til að mæta í þjóðlegum fatnaði. Sungin eru lög tengd þorranum í sameiginlegri söngstund. Í tengslum við þorrann heimsækja elstu börnin Árbæjarsafn.

Bollu-sprengi- og öskudagur: Þessir dagar eru haldnir hátíðlegir í leikskólanum. Á bolludaginn eru börnin búin að gera bolluvendi og fá þau í hádeginu kjöt- eða fiskibollur og í kaffitíma barnanna eru rjómaþellur í boði. Á sprengidag er saltkjöt og baunir. Á öskudag mega börnin koma í grímubúning, náttfötum eða furðufötum. Haldinn er dansleikur þar sem kötturinn er sleginn úr tunnunni.

Vorferð: foreldrafélagið skipuleggur vorferð. Sveitabær er heimsóttur þar sem börnin fá að kynna dýrunum og sveitalífi.

Íþróttadagur: Börnin mega koma í íþróttafötum og eru settar upp hinar ýmsu þrautabrautir á lóð skólans og er kennari við hverja braut til aðstoðar og hvatningar.

Hópaslit: Börnin á hverri deild sýna skemmtiatriði í sal skólans fyrir börn og kennara á öðrum deildum.

Útskrift: Þá koma börnin í elsta árgangi skólans með foreldrum sínum seinnipart dags, þar sem þeim er afhent verkefnabók vetrarins og blóm í tilefni dagsins. Haldin er veisla þar sem hver og einn kemur með veitingar á hlaðborð.

Börnin gróðursetja eina trjáplöntu í garðinum með aðstoð kennara.

Útskriftaferð: Í maí ár hvert er farið í útskriftaferð í miðbæ Reykjavíkur þar sem börnin koma með uppástungur hvað er gert og reynt er að mæta þeim óskum. Þetta er dagsferð og er farið út að borða í hádeginu í boði foreldrafélagsins.

Þjóðhátíð: Haldið er upp á þjóðhátíðardaginn síðasta virka dag fyrir 17. júní. Á þessum degi gerum við eitthvað til hátíðarbrigða, meðal annars er farið í skrúðgöngu um nágrenni leikskólans. Fyrir þjóðhátíðardaginn er farið með þriggja ára börn og eldri í miðborgina, þar sem Arnarhóll, Austurvöllur og Ráðhúsið eru heimsótt og skjaldarmerkið á Alþingishúsinu skoðað. Við fræðumst um hvers vegna við höldum þjóðhátíð, um merkingu skjaldamerkisins, fánalitina og fleira.



Flóruferð: Á sumrin er farið með börn, þriggja ára og eldri niður í Laugardal með rútu í boði foreldrafélagsins. Í Laugardalnum eru grasagarðurinn og þvottalaugarnar skoðaðar. Farið er á kaffihúsið Flóru í grasagarðinum þar sem börnin fá veitingar í boði foreldrafélagsins.

Tengsl skólastiga

Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börn eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Formlegt samstarf er við Húsaskóla sem á sér langa sögu og er í föstum skorðum. Leikskólastjóri og deildarstjóri elstu deildar Brekkuborgar og skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og kennarar 1.bekkjar

Húsaskóla hittast á fundum að hausti og vori. Á haustfundinum eru línur lagðar fyrir starf komandi vetrar og dagsetningar ákveðnar. Á vorfundinum er endurmat. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim.

Samstarfið byggir á eftirfarandi þáttum:

- ❖ Að hausti fer elsti árgangur Brekkuborgar í ratleik um Húsaskóla. Skólinn er skoðaður og bankað er upp á og kíkt inn í hinar ýmsu skólastofur.
- ❖ Í nóvember er sameiginleg orðaforðavika.
- ❖ Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr 7.bekk Húsaskóla og lesa fyrir leikskólabörnin
- ❖ Í desember er samverustund 1.bekkjar og elstu barna í Brekkuborg í Húsaskóla. Báðir hóparnir sjá um skemmtiatriði, sungið er saman og boðið er upp á veitingar.
- ❖ Í febrúar hitta elstu börnin skólustjórann til að fræðast um skólann og reglurnar sem í honum gilda.
- ❖ Í febrúar koma nemendur úr 1.bekk í heimsókn í leikskólann og sýna skólatöskuna sína.
- ❖ Fyrir páska fara elstu börnin okkar í kennslustundir í Húsaskóla. Börnin fara í 3-4 manna hópum og taka þátt í frímínútum, matartíma og kennslu.
- ❖ Á vormánuðum fara leikskólabörnin í íþróttatíma í Húsaskóla.
- ❖ Í maí er foreldrum og börnum í elsta árgangi boðið í grunnskólann. Börnin sinna verkefnum og foreldrarnir fá námskeið.
- ❖ Húsaskóli býður börnunum og foreldrum þeirra á vorhátíð skólans.
- ❖ Bókasafn Húsaskóla stendur okkur opið til afnota.
- ❖ Heimsóknir eru í frístundaheimilið Kastalann þar sem börnunum er kynnt starfsemi og reglur og fá auk þess að taka þátt í starfi þeirra.

Sameiginleg ákvörðun var tekin af Húsaskóla og Brekkuborg að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

- ❖ Brekkuborg vinni með hástafi og lágstafi.
- ❖ Lögð verði áhersla á að börnin þekki nafnið sitt ritað.
- ❖ Lögð verði áhersla á rétt handgrip og að börnin hafi vald á skærum.
- ❖ Lögð verði áhersla á við foreldra barna í Brekkuborg að lesið sé fyrir börnin heima.
- ❖ Unnið verði markvisst að málörvun í leikskólanum og starfsmenn noti auðugt málfar.
- ❖ Tekin er skimun á elsta árgangi leikskólans Hljóm-2, og niðurstöður hennar eru afhentar grunnskólanum að vori.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið á er tvíþætt, annars vegar innra mat unnið af kennurum, foreldrum og börnum leikskólans. Hins vegar ytra mat sem unnið er af aðila á vegum sveitafélags, ráðuneytis Mennta- menningarmála eða annarra aðila.

Markmið endurmats er að:

- ❖ Tryggja að öll starfsemi leikskólans sé eins og lög, reglugerðir og Aðalnámskrá gera ráð fyrir.
- ❖ Tryggja að starfað sé eftir skólanámskrá
- ❖ Tryggja að starfið sé endurmetið með fjölbreyttum hætti og viðhaldi skólaþróun.
- ❖ Tryggja að foreldrar hafi rödd og segi frá sínum viðhorfum til starfsins og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á starfið eins og kostur er.
- ❖ Tryggja að niðurstöður endurmats og þær upplýsingar sem aflað er séu nýttar til umbóta ef þörf er á.

Innra mat í leikskóla



Innra mat leikskólans er kerfisbundið og samofið í daglegu leikskólastarfi. Það er notað til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum leikskólans hefur verið náð. Jafnframt eru metnar þær leiðir sem farnar eru í starfinu. Lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf einkenna innra mat leikskólans og það umbótastarf sem fylgir í kjölfar þess. Stjórnendur leikskólans leiða framkvæmd matsins í samstarfi við kennara, börn og foreldra.

Jafnt og þétt yfir allt skólaárið er verið að endurmeta hina ýmsu þætti skólastarfsins. Í endurmati er farið skipulega yfir ákveðin málefni er varða daglegt starf leikskólans og spurt hvað gengur vel og hvað má betur fara. Alltaf er lögð áhersla á lausnamiðaða umræðu sem leiðir til umbóta.

Öll börn eiga ferilmöppu sem fylgir þeim í gegn um leikskólagönguna. Þegar barn hættir á Brekkuborg fær það innihald möppunnar afhent.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir öll börn í skólanum. Foreldrar koma að gerð hennar og er hún rædd í foreldraviðtölum.

Börnin koma að endurmati þar sem leitað er eftir og hlustað er á ábendingar þeirra um hvað má betur fara og hvað gengur vel. Einnig eru lagðar spurningar fyrir elstu börnin að vori.

Foreldrar taka þátt í matinu bæði beint og óbeint. Í viðtölum og daglegum samræðum koma oft ábendingar frá foreldrum um það sem vel er gert og hvað betur mætti fara.

Ytra mat í leikskóla

Skóla- og frístundasvið hefur eftirlit með leikskólum Reykjavíkurborgar. Það sendir út ýmsar kannanir sem lagðar eru fyrir foreldra og kennara. Sviðið fór nýverið að gera heildarmat þar sem stuðst er við ákveðin viðmið sem má finna í ritinu *Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs*. Sviðið gerir heildarmat í nokkrum skólum á ári hverju.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gerir einnig ytra mat á leikskólum.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst og fjallað er um starfsemi leikskólans og skóladagatal birt. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlunina áður en Skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu og samþykktar samkvæmt lögum. Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlunin á að sýna kennurum, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta skólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

[Hægt er að nálgast starfsáætlun hér!!!](#)

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí.

Deildarnámskrár

Deildarnámskrá er leiðarljós um starf á deildarinnar og er endurskoðuð reglulega, þannig að hún taki sem best mið af aldri barnanna hverju sinni. Hún tekur mið af Aðalnámskrá, skólanámskrá og starfsáætlun.

Deildarnámskrá segir frá hvaða leiðir deildin fer að markmiðum skólans og hún nýtist einnig sem foreldrahandbók. Deildarnámskrár Brekkuborgar eru í vinnslu.

Foreldrasamstarf

Við upphaf leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir í viðtal þar sem starfsemin, húsakynni og kennarar leikskólans eru kynntir. Túlkaþjónusta er tryggð ef á þarf að halda. Aðlögun barna er svokölluð þátttökuaðlögun þar sem foreldrar fylgja börnum sínum þrjá fyrstu dagana í leikskólanum. Börn og foreldrar kynnast starfi leikskólans og kennurum á sama tíma. Foreldrar kynnast innbyrðis. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og eru foreldrar ávallt velkomnir í leikskólann til að taka þátt í starfinu. Foreldraviðtöl fara fram að minnsta kosti tvisvar á ári. Í þeim er farið yfir líðan barns í leikskólanum og þroska þess. Foreldra- og fjölskyldukaffi er að jafnaði fjórum sinnum yfir veturinn. Opið hús er á vorönn þar sem verkefni vetrarins eru til sýnis. Hagnýtar upplýsingar koma fram á upplýsingatöflum við deildir, í fataklefa og einnig á heimasíðu skólans.

Foreldrafundir eru haldnir á hverju hausti. Farið er yfir staf komandi starfsárs. Jafnframt er starfsemi foreldraráðs og foreldrafélags kynnt og nýjir fulltrúar kosnir. Foreldraráð er starfandi í Brekkuborg og sitja í því að lágmarki þrír fulltrúar foreldra ásamt leikskólastjóra. Kosið er í ráðið á foreldrafundi að hausti.

Hlutverk foreldraráðs:

- er að gefa umsagnir um áætlanir er varða starfsemi leikskólans.
- er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana inna leikskólans
- hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Í Brekkuborg er starfandi foreldrafélagið Eik og eru allir foreldrar leikskólabarna í því. Í stjórn eru foreldrar frá öllum deildum og bjóða foreldrar sig fram að hausti. Foreldrafélagið skipuleggur og fjármagnar ýmsa viðburði fyrir börnin í samstarfi við kennara.

Hlutverk foreldrafélagsins er að:

- stuðla að velferð barna í leikskólanum
- efla tengsl foreldra við kennara skólans
- auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Í apríl 2014 var auglýstur foreldrafundur fyrir foreldra þriggja HEBA leikskóla til að koma að vinnu við skólanámskrá, ásamt kennurum og fagaðilum frá Skóla- og frístundasviði. Fundurinn var felldur niður vegna dræmrar þátttöku

Samstarfsaðilar



Við í Brekkuborg erum í samstarfi við marga aðila og ber helst að nefna Skóla- og frístundasvið, Miðgarð- þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarnes og Barnavernd Reykjavíkur. Einnig erum við í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og aðrar menntastofnanir sem stuðla að menntun fólks í leikskólaumhverfi. Slökkvilið Reykjavíkur er með samstarf við leikskóla borgarinnar um eldvarnir. Einnig kemur Umferðaskólinn með fræðslu til elsta árgangsins. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður elsta

árgangi á tónleika.

Bókasafn Grafarvogs er í góðu samstarfi við leikskóla Grafarvogs og er leikskólabörnum tekið opnum örmum. Frístundamiðstöð Gufunesbæjar er ávallt opin fyrir leikskólabörn og skipuleggja þau hin ýmsu verkefni fyrir þá sem vilja nýta sér þjónustu þeirra.

Til margra ára höfum við verið í góðu samstarfi við Hjúkrunarheimilið Eir og er það elsti árgangur Brekkuborgar sem tekur þátt með mánaðarlegum heimsóknum.

Á hverju hausti og fljótlega eftir áramót hittast iðjupjálfi og verkefnastjóri frá Eir og leikskólastjóri og deildarstjóri frá Brekkuborg í samráði og skipuleggja starf vetrarins. Verkefnin eru margvísleg - t.d. er spilað, sungið, fönðrað og sameiginlegir atburðir skipulagðir. Á vorin er hist og samstarfið endurmetið. Stoðþjónusta

Rekstur og stjórn leikskólans Brekkuborgar fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS). Sviðið starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um leikskóla ásamt samþykktum borgarráðs um sviðið. Lögð er áhersla á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra, börn og starfsfólk. Leiðarljós sviðsins er: „*Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, þeim fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*”

Ýmiss konar sérfræðipjónusta er jafnframt sótt til Miðgarðs -þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarnes.